

7. Fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps. Haldinn í Tjarnarlundi 14. nóvember 2018 kl. 16:00.

Sveitarstjóri Dalabyggðar setur fundinn.

Mætt eru: Kristján Sturluson sveitarstjóri Dalabyggðar, Embla Dögg Bachmann og Jóhanna Ösp Einarsdóttir sem fulltrúar Reykhólahrepps. Einar Jón Geirsson í forföllum Sigríðar Skúladóttur og Ragnheiður Pálsdóttir sem fulltrúar Dalabyggðar. María Játvarðardóttir félagsmálastjóri Reykhóla og Stranda. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Þrúður Kristjánsdóttir fyrir hönd félags eldri borgara. Félagsmálafulltrúi Dalabyggðar boðaði forföll.

Gengið til dagskrár

Mál á dagskrá:

1. Kjör formanns

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir kjörin formaður
Samþykkt samhljóða

2. Kjör varaformanns og ritara.

Ragnheiður Pálsdóttir varaformaður
Jóhanna Ösp Einarsdóttir ritari
Samþykkt samhljóða

3. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga

Sveitarstjóri Dalabyggðar fór yfir fjárhagsáætlunargerð Dalabyggðar, stöðu áætlunar, gjaldskrár og fyrirhugaðar framkvæmdir.
Sveitarstjóri fór einnig yfir húsnæðismál í Búðardal fyrir starfsemi Félags eldri borgara.
María Játvarðard. fór yfir fjárhagsáætlun félagsþjónustunnar í Reykhólahreppi.
Jóna Valgerður benti á að styrkir sveitarfélaganna til Félags eldri borgara hafi verið sama upphæðin í mörg ár en ekki fylgt vísitölu. Vísað til sveitarstjórna. Fram kom að fyrirhugað er að auka starfshlutfall tómstundafulltrúa Reykhólahrepps.

Önnur mál.

Jóna Valgerður fór yfir erindisbréf öldungaráðsins.

Ákveðið að skoða reglur um slátt á gördum eldri borgara í Reykhólahreppi. Vísað til sveitarstjórna.

Farið yfir drög að dagskrá Félags eldri borgara fyrir veturinn 2018-2019, sem Jóna Valgerður lagði fram.

Farið yfir fundargerð öldungaráðsins frá 25. apríl 2018. Minnt er á ályktun sem vísað var til næstu sveitarstjórna er varðar lækkun fasteignagjalda eldri borgara. Vísað til sveitarstjórna að fara yfir ályktunina.

María fór yfir að nú er komið í lög um Félagsþjónustu sveitarfélaga að öldungaráð skuli vera starfrækt í sveitarfélögum og þar kemur fram að í stað fulltrúa frá félagsþjónustu eigi að vera fulltrúi heilsugæslu. Jóna Valgerður tekur að sér að skoða þessa breytingu sem átti að taka gildi 1. okt. s.l.. Möguleiki á að endurskoða starfsreglur öldungaráðsins í samræmi við lög.

Öldungaráð lýsir yfir áhyggjum sínum á erfiðum rekstri Silfurtúns. Jónu Valgerði falið, í samvinnu við Kristján, að skrifa ályktun er varðar málið og senda hana á Heilbrigðisráðuneytið.

Öldungaráðið skorar á sveitarstjórnir að skoða áframhaldandi uppbyggingu á íbúðum fyrir eldri borgara og má þar nefna efri hæðina í Barmahlíð.

Samþykkt að boða tómstundafulltrúa sveitarfélaganna á næsta fund öldungaráðs.

Fundi slitið kl. 17:30

Fundargerð ritaði Jóhanna Ösp Einarsdóttir.